

b. Svarorðsending utanríkisráðherra.

Reykjavík, 16. desember 1986

Herra sendiherra,

Ég leyfi mér að viðurkenna móttöku orðsendingar yðar, dags. 15. þ.m., sem hljóðar svo:

„Ég leyfi mér að vísa til viðræðna, sem fram hafa farið undanfarnar vikur milli fulltrúa ríkisstjórna okkar, um áhuga Norðmanna á því að veiða loðnu innan fiskveiðimarka Íslands í janúar–febrúar 1987. Viðræðunar fóru fram á grundvelli samkomulags frá 28. maí 1980 um fiskveiði- og landgrunnsmál, einkum með tilliti til þeirra breytinga sem skv. 4. gr. samkomulagsins þarf að gera á hlutdeild Noregs í loðnuafli 1986–1987 vegna aukningar á leyfilegu aflamagni.

Ég get staðfest hér með eftirfarandi samkomulag sem náðist í viðræðunum:

1. Norskum veiðiskipum verður heimilað að veiða allt að 60.000 lestir loðnu innan 200 sjómílna fiskveiðimarka Íslands á tímabilinu 1. janúar til 15. febrúar 1987.
2. Heimild þessi er bundin við skip sem íslenska sjávarútvegsráðuneytið samþykkir.
3. Íslenska sjávarútvegsráðuneytið mun setja reglur um tilkynningaskyldu norskra veiðiskipa innan íslenskrar lögsögu, þ.á m. um daglega staðsetningu skipa og afla þeirra.

Ef ríkisstjórn yðar lýsir sig samþykka framangreindu leyfi ég mér að leggja til að orðsending þessi og svar yðar myndi samning milli ríkisstjórna landanna sem taki gildi til bráðabirgða þann dag er svarbréf yðar er dagsett og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra utanríkisráðherra, sérstaka virðingu mína.“

Ég leyfi mér að staðfesta að ríkisstjórn Íslands er sammála ofangreindu og fellst á að orðsending yðar og svar þetta skoðist sem samningur milli ríkisstjórnanna er tekur gildi til bráðabirgða í dag og endanlega þegar ríkisstjórnirnar báðar hafa tilkynnt að stjórnskipunarákvæðum þeirra hafi verið fullnægt.

Ég votta yður, herra sendiherra, sérstaka virðingu mína.

Matthías Á. Mathiesen

Hr. sendiherra
Niels L. Dahl
Norska sendiráðið
Reykjavík

AUGLÝSING

**um bókun vegna sáttmála milli Íslands og Danmerkur
um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar
í vörslur og umsjón Háskóla Íslands.**

Hinn 1. ágúst 1986 var undirrituð bókun Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslur og umsjón Háskóla Íslands vegna framkvæmda á sáttmálanum frá 1. júlí 1965, sbr. auglýsingar í C-deild Stjórnartíðinda nr. 24/1965, þar sem sáttmállinn er birtur, og nr. 10/1971. Bókunin öðlaðist gildi við undirritun.

Bókunin er birt sem fylgiskjal með auglýsingu þessari.

Þetta er hér með gert almenningi kunnugt.

*Utanríkisráðuneytið, Reykjavík, 18. desember 1986.***Matthías Á. Mathiesen.***Ingvi S. Ingvarsson.*

Fylgiskjal.**BÓKUN****Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslur og umsjón Háskóla Íslands.**

Ríkisstjórn konungsríkisins Danmerkur og ríkisstjórn lýðveldisins Íslands hafa orðið sammála um eftirfarandi atriði með tilliti til endanlegra framkvæmda á sáttmálanum frá 1. júlí 1965 milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslur og umsjón Háskóla Íslands:

1. grein

Endanleg skipting handrita Stofnunar Árna Magnússonar samkvæmt 5. gr. sáttmálans frá 1. júlí 1965 milli Danmerkur og Íslands um flutning á hluta af handritum Stofnunar Árna Magnússonar í vörslur og umsjón Háskóla Íslands er gerð samkvæmt sameiginlegri tillögu danska kennslumálaráðherrans og íslenska menntamálaráðherrans frá 26. febrúar 1986, birtri í fylgiskjali með þessari bókun ásamt tilheyrandi samstarfssamningi, til danska forsætisráðherrans og samþykktri af honum 3. mars 1986.

2. grein

Aðiljar eru sammála um samkvæmt 6. gr. sáttmálans frá 1. júlí 1965 að viðurkenna að með þeirri skipan sem tilgreind er í 1. gr. sé fullkomlega og endanlega útkljáð um allar óskir af íslenski hálfu varðandi afhendingu hvers konar íslenskra þjóðlegra minja sem í Danmörku eru.

3. grein

Þessi bókun, sem gerð er bæði á dönsku og íslensku, þannig að báðir textar skulu jafngildir, öðlast gildi frá þeim degi er hún er undirrituð.

Þessu til staðfestu hafa fulltrúarnir undirritað þessa bókun á Pingvöllum hinn 1. ágúst 1986.

Fyrir hönd konungsríkisins
Danmerkur
Bertel Haarder

Fyrir hönd lýðveldisins
Íslands
Sverrir Hermannsson

ÞÝÐING

Sameiginleg tillaga íslenska menntamálaráðherrans og danska kennslumálaráðherrans til danska forsætisráðherrans um endanleg lok íslenska handritamálsins.

1. Samkvæmt lögum nr. 194 frá 26. maí 1965 um breytingu á stofnskrá Sjóðs Árna Magnússonar (Den arnamagnæanske Stiftelse) frá 18. janúar 1760, 3. gr. 1. málsg. , er nefnd, sem skipuð er tveimur fulltrúum Kaupmannahafnarháskóla og tveimur tilnefndum af Háskóla Íslands, falið að fara yfir handrit og skjöl í eigu stofnunarinnar og gera tillögur um hver þeirra skuli afhent Háskóla Íslands samkvæmt 1. gr. laganna.

Samkvæmt 3. gr. laganna 2. málsg. ber nefndinni ennfremur að fara yfir handrit í eigu Konunglega bókasafnsins og gera tillögur um hver þeirra skuli afhent Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi samkvæmt 1. gr. laganna.

2. Með bréfi danska menntamálaráðuneytisins 13. september 1971 var skipuð nefnd sú sem tilgreind er í 3. gr. laganna — Skiptanefndin — en í henni áttu sæti:

Danskir fulltrúar:
Prófessor, dr. phil. Chr. Westergård-Nielsen
og orðabókarritstjóri, háskólalektor, dr. phil. Ole Widding.

Íslenskir fulltrúar:
Prófessor, dr. phil. Jónas Kristjánsson
og rektor, prófessor, dr.jur. et phil. h.c. Magnús Már Lárusson.

3. Skiptanefndin tók til starfa í júlí 1972. Eftir að hún hafði haldið alls 42 fundi, venjulega til skiptis í Kaupmannahöfn og Reykjavík, hefur hún lagt fram 8 tillögur um afhendingu á handritum o.fl., sem fela í sér 10 skrár, af þeim 8 um handrit o. fl. í Safni Árna Magnússonar og 2 um handrit o. fl. í Konunglega bókasafninu.

Þessar 10 skrár hafa samkvæmt 3. gr. laganna 3. málsg. verið samþykktar af danska forsætisráðherranum að undangengnum bréfaskiptum við danska kennslumálaráðherrann og íslenska menntamálaráðherrann.

Eftir 42. fund sinn 13.—17. september 1984 var niðurstaða Skiptanefndarinnar að þess væri enginn kostur að ná samkomulagi um skiptingu um það bil 200 handrita í Safni Árna Magnússonar, þar sem um þessi handrit höfðu tvö atkvæði verið með og tvö gegn afhendingu.

4. Vandkvæðin á því að ljúka málinu hafa kennslumálaráðherra Dana og menntamálaráðherra Íslands síðan rætt beint sín á milli.

Hinn 4. júlí 1985 lagði danski kennslumálaráðherrann fram ákveðna tillögu um lok handritamálsins.

Tillöguna höfðu samið háskólalector Iver Kjær, efór Árnastofnunar, og prófessor John Kousgård Sørensen, meðlimur Árnaneftndar, en þeir höfðu eftir tilmælum danska kennslumálaráðherrans og í samráði við formann Árnaneftndar, rektor Kaupmannahafnarháskóla, prófessor Ove Nathan, tekið að sér að semja tillögu til lausnar á málinu, sem skyldi reist á eftirfarandi forsendum:

Tillagan skyldi reist á grundvelli laganna,

hún skyldi svo sem auðið væri komast hjá því að véfengja mat sérfræðinga (Skiptanefndarinnar), sáemilegar líkur skyldu vera á því að hún yrði samþykkt í báðum löndum sem endanleg lok málsins.

Tillagan, sem fól í sér að afhent yrðu alls 55 handrit til viðbótar til Íslands, hlaut meðmæli Árnaneftndar, sem m.a. lagði áherslu á að, eins og málum væri nú komið, ætti einkum að styðjast við formleg rök og að frá því sjónarmiði þætti rétt að viðurkenna þær almennu forsendur og sérstöku röksemdir sem tillagan byggðist á.

5. Eftir að íslenski menntamálaráðherrann hafði íhugað tillöguna og rætt hana við íslenska sérfræðinga, héldu danski kennslumálaráðherrann og íslenski menntamálaráðherrann fund um málið 14. janúar 1986.

Niðurstaða þessa fundar var að lektor Iver Kjær og prófessor John Kousgård Sørensen ásamt íslenskum sérfræðingum skyldu reyna að komast að samkomulagi um skiptingu á þeim handritum Árnasafns sem í Skiptanefndinni hefðu hlotið tvö atkvæði með og tvö atkvæði gegn afhendingu.

Hinn 17. janúar 1986 tilkynnti íslenski menntamálaráðherrann að íslensku samningamennirnir yrðu prófessor Jónas Kristjánsson og dr. phil. Jakob Benediktsson með dr. phil. Ólaf Halldórsson sem sérfræðilegan ráðunaut.

Á fundi sínum 20. janúar 1986 samþykkti Árnaneftnd þessa skipan, svo og að lektor Kjær og prófessor Kousgård Sørensen tækju þátt í samningunum af danskri hálfu, en prófessor Jonna Louis-Jensen veitti þeim sérfræðilega aðstoð. Nefndin taldi rétt að leggja áherslu á að umræðurnar skyldu reistar á sömu þremur forsendum og lektor Kjær og prófessor Kousgård Sørensen höfðu miðað starf sitt við.

6. Eftir nokkra fundi lögðu samningamennirnir fjórir 28. janúar 1986 fram hjálagða tillögu um endanleg lok handritamálsins.

Samkvæmt tillögunni skulu — auk þeirra handrita sem talin eru á 1.—10. afhendingarskrá — til viðbótar 84 nánar tiltekin handrit í Árnasafni afhent til Íslands.

Enn fremur lögðu samningamennirnir til við íslenska menntamálaráðherrann að handritinu AM 748 I, 4to, sem er á skrá nr. 3, skuli skipt í tvennt og bl. 1—6 skilað aftur til Danmerkur.

7. Fyrir hönd Árnaneftndar hefur formaður hennar skýrt danska kennslumálaráðuneytinu frá því að nefndin samþykki tillögu samningamanna.

Með tilvísun til þess sem að framan greinir leggjum við, menntamálaráðherra Íslands og kennslumálaráðherra Danmerkur, hér með til við forsætisráðherra Danmerkur að handritamálinu verði endanlega lokið með því

að — auk þeirra handrita sem talin eru á 1.—10. afhendingarskrá — skuli til viðbótar 84 handrit, sem talin eru á hjálagðri skrá,¹⁾ afhent til Íslands úr Safni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn, og
að handritinu AM 748 I, 4to, sem er á skrá nr. 3, skuli skipt í tvennt og bl. 1—6 skilað aftur til Danmerkur.

Samtímis höfum við orðið sammála um samstarfssamning, sem fylgir hér með í afriti.

Kaupmannahöfn, 26. febrúar 1986.

Sverrir Hermannsson (sign.)
Menntamálaráðherra Íslands

Bertel Haarder (sign.)
Kennslumálaráðherra Danmerkur.

¹⁾ Ekki birt hér.

ÞÝÐING

Samstarfssamningur milli íslenska menntamálaráðherrans og danska kennslumálaráðherrans í tengslum við lok handritamálsins.

Í framhaldi af hjálagðri tillögu,¹⁾ sem hinir tveir íslensku og hinir tveir dönsku samningamenn lögðu fram 28. janúar 1986 um endanleg lok handritamálsins, hafa samningamennirnir fjórir í bréfi frá 28. janúar 1986, sem fylgir hér með í afriti,¹⁾ lagt til við íslenska menntamálaráðherrann og danska kennslumálaráðherrann að þeir sjái til þess

1) að öll íslensk handrit sem verða eftir í Safni Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn og úrval samsvarandi handrita í Konunglega bókasafninu, sem Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi tiltekur, verði ljósmynduð til afnota fyrir Stofnun Árna Magnússonar á Íslandi,

2) að þau handrit sem eftir verða í Kaupmannahöfn hljóti forvörslu og viðgerð eftir þörfum á sama hátt og þau handrit sem afhent eru til Íslands,

3) að styrkja getu stofnanna tveggja til þess að sinna rannsóknum á grundvelli safna norræna handrita í vörslu þeirra.

Framangreindar tillögur virðast eðlilegar og sanngjarnar, og við munum sjá um að þær verði framkvæmdar.

Með tilliti til **1. tillögunnar** skal tekið fram, að allan kostnað við ljósmyndun o.s.frv., að meðtöldum sendingarkostnaði greiðir íslenska ríkið.

Þar sem Stofnun Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn verður að vinna þetta mikla og flókna verk samhliða öðrum verkefnum, verður að gera ráð fyrir að nokkur tími líði áður en hægt verði að ljúka verkinu.

Með tilliti til **2. tillögunnar** skal tekið fram, að forvarsla og viðgerð á þeim handritum sem afhent skulu til Íslands bindur verulegan hluta af starfsgetu Stofnunar Árna Magnússonar á þessu sviði, og því verður að gera ráð fyrir að forvarsla og viðgerð á þeim handritum sem eftir verða í Kaupmannahöfn geti ekki hafist að marki fyrr en lokið er vinnu við forvörslu og viðgerð „afhendingarhandritanna“.

Með tilliti til **3. tillögunnar** skal tekið fram, að við munum gera allt sem unnt er til þess að styrkja rannsóknir á norrænum handritum í Stofnunum Árna Magnússonar í Kaupmannahöfn og Reykjavík. Í því sambandi er lögð áhersla á nána og skipulagða samvinnu stofnanna tveggja.

Kaupmannahöfn, 26. febrúar 1986

Sverrir Hermannsson (sign.)
Menntamálaráðherra Íslands

Bertel Haarder (sign.)
Kennslumálaráðherra
Danmerkur

¹⁾ Ekki birt hér.